

Til biskupafundar íslensku þjóðkirkjunnar.

Efni: Tillögur biskupafundar um sameiningu Breiðabólstaðar-, Melstaðar-, Skagastrandar- og Þingeyrarklaustursprestakalla í eitt prestakall, Húnavatnsprestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

Með bréfi dagsettu 11. ágúst 2021 sem Þorvaldur Víðisson biskupsritari skrifar undir fyrir hönd biskupafundar er tilkynnt að biskupafundur hyggist leggja fyrir kirkjuþing sem kemur saman 23. október næstkomandi tillögu um sameiningu ofangreindra fjögurra prestakalla í eitt prestakall.

Að undangengnum umræðum um tillöguna í sóknarnefndum í framangreindum prestaköllum vilja formenn neðangreindra sóknarnefnda koma eftirfarandi atriðum á framfæri við biskupafund og snerta þau einkum meginatriðin tvö í rökstuðningi fyrir tillögunni sem fram koma í greinargerð með henni.

1. Í greinargerðinni er einkum tekið mið af megináherslum sem fjallað var um í skýrslu nefndar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar sem kirkjuþing 2010 samþykkti. Þar er fjallað um að hið opinbera sbr. Kirkjujarðasamkomulagið miði við 5000 manns sem eðlilegan fjölda fólks sem hver prestur þjóni og að í samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar sé gert ráð fyrir 2000 manns.

Í þessari skýrslu segir jafnframt að einnig beri að taka til skoðunar fleiri atriði við skipan prestakalla og ákvörðun um þjónustubyrði, svo sem fjölda sókna innan prestakalls, hvernig samgöngum er háttað og færð á vegum, sérstaða helgistaða og annað.

Í þessum fjórum prestaköllum eru alls 18 sóknir sem liggja vítt og breitt um landssvæði tveggja sýslna þar sem bæði er um að ræða sóknir við ysta haf og lengst inn til dala. Þessar viðmiðunartölur sem getið er um hér að framan taka án efa ekkert tillit til þess að prestarnir á þessu svæði eru ekki með neitt aðstoðarfólk á sama tíma og fjölmennu sóknirnar sem einkum eru á Reykjavíkursvæðinu hafa fjöldamargt fólk sem vinnur með prestunum og tekur yfir töluverðan hlut af verkefnum þeirra.

Í umræddum fjórum prestaköllum kemur í hlut prestanna sjálfra að vinna öll þau störf sem upp kunna að koma hvort heldur þau teljast í venjulegum verkahring þeirra eða ekki. Í dreifðum byggðum er yfirleitt ekki að finna allskonar sérhæfða þjónustu sem fjölmargir aðilar annast í þéttbýlinu. Prestarnir hérna hjá okkur eru þátttakendur í daglegri önn íbúanna og hvert erfitt frávik sem og gleðilegt atvik snerta þá ekki síður en aðra. Þeir eru beinir þátttakendur í lífi og starfi fólksins í prestaköllunum og skipta máli í umræðum og ákvarðanatöku.

2. Í greinargerðinni er sagt að þjóðkirkjan hyggist með breytingunni frekar ná því megin markmiði sínu að efla boðun fagnaðarerindisins í orði og verki. Þar segir einnig að samstarf presta muni eflast og möguleikar sóknarbarna á bættari og sérhæfðari þjónustu í hverju prestakalli.

Það er nú ekki erfitt né langsótt að segja að boðun fagnaðarerindisins sé ekki auðveldari með þremur prestum en fjórum og verður alls ekki séð að þessi orð hafi eitthvað raunverulegt vægi í umræðunni.

Rætt er um í greinargerðinni að einmenningsprestaköll muni leggjast af og um verði að ræða aukið samstarf presta. Það kann að vera góður kostur að prestarnir í umræddum prestaköllum myndu vinna meira saman og skipuleggja samstarf, vinnu og úrlausn viðfangsefna þannig að sem bestur árangur næðist. Þessu samstarfsfyrirkomulagi er ákaflega auðvelt að koma við án þess að sameina þessi fjögur prestaköll.

Það beinlínis ætti að vera verkefni prófastsins í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastdæmi að koma slíku samstarfi á ef það er talið verða til framdráttar og eflingar kirkjulegu starfi á svæðinu. Það er alveg ljóst í okkar huga að varla myndu prestarnir á svæðinu hafa á móti umræðum og ákvarðanatöku á þessu sviði í samvinnu við prófast. Auðvitað ætti prófastur nú þegar að hafa komið á slíku samstarfi því hans hlutverk er án efa að hafa yfirsýnina og gera tilögu um breytingar ef þurfa þykir.

3. Fulltrúar neðangreindra sókna leggjast alfarið gegn því að farið verði í þær breytingar sem boðaðar eru með því bréfi sem hér hefur verið gert að umtalsefni. Því er mótmælt að biskup Íslands og vígslubiskuparnir á Hólum og í Skálholti haldi þessari tillögu til streitu og óskum við þess að hún verði dregin til baka og verði ekki lögð fyrir kirkjuþing.

Þá hljótum við jafnframt að mótmæla þeirri hótun sem kemur fram í bréfi frá biskupafundi þar sem ein setningin hljóðar svo orðrétt og fjallar um fjölda presta. - „**Sú fækkun mun þó verða hvort sem sameinað verður eða ekki.**“

Hafa skal í huga að það á ekki að efna til ófriðar í grasrót kirkjunnar og breytingar eru oftast best heppnaðar þegar sóknarbörnin finna þörf þeirra og hafa um það frumkvæði.

Virðingarfyllst,

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson

Jóhannes Kári Bragason

Lárus Ægir

Guðmundsson

formaður Blönduóssóknar

formaður Hvammstangasóknar

formaður Höfðasóknar